

# Yfirlýsing varðandi neikvæð áhrif fjárfestingarákvarðana og -ráðgjafar á sjálfbærniþætti



## 1. Almenn

- 1.1. Yfirlýsing þessi er gefin út af Fossum fjárfestingarbanka hf. (hér eftir „Fossar“ eða „bankinn“). Fossar eru lánastofnun sem veitir þjónustu á sviði stýringar eignasafns og fjárfestingarráðgjafar. Bankinn er því bæði aðili á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafi í skilningi reglugerðar (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á fjármálaþjónustu (hér eftir „SFDR“) og fellur innan gildissviðs reglugerðarinnar.
- 1.2. Yfirlýsingin er gerð í samræmi við b-liði 1. og 5. mgr. 4. gr. SFDR. Yfirlýsingunni er ætlað að upplýsa viðskiptavinum bankans um hvort tekið sé tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana og fjárfestingarráðgjafar á sjálfbærniþætti.

## 2. Skilgreiningar

- 2.1. Sjálfbærniþættir: Með hugtakinu í skilningi SFDR er átt við umhverfis, félags- og starfsmannatengd mál, virðingu fyrir mannréttindum og mál sem varða baráttuna gegn spillingu og mútum.
- 2.2. Helstu neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti (e. Principal Adverse Impacts, PAI): Neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti sem má rekja til fjárfestingarákvörðunar eða fjárfestingarráðgjafar sem Fossar veita, hvort sem þau eru veruleg eða líkleg til að vera veruleg. Atvinnustarfsemi og fyrirtæki geta haft margs konar áhrif á sjálfbærni, bæði jákvæð og neikvæð. Milliliðir á fjármálamarkaði, sem t.d. veita þjónustu á sviði fjárfestingarráðgjafar eða stýringu eignasafna, tengja jafnan saman fyrirtæki og fjárfesta, þar sem hinir síðarnefndu fjárfesta í hinum fyrrnefndu. Þannig eru afurðir oft verðbréf eða sjóðir þar sem undirliggjandi vara er atvinnustarfsemi í tilteknu félagi. Orðasambandið er notað í SFDR og afleiddum tæknistaðli ESB nr. 2022/1288 sem lýsir nánar kröfum um efni, aðferðir og framsetningu upplýsinga að því er varðar neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti. Tæknistaðallinn hefur ekki verið innleiddur í íslensk lög. Tekið er tillit til helstu neikvæðra áhrifa með greiningu á undirliggjandi afurð með notkun sjálfbærnivísa. Slíkir vísir eru nýttir til að mæla hvernig fyrirtæki sem fjárfest er í hefur áhrif á sjálfbærniþætti.

## 3. Neikvæð áhrif á sjálfbærni

- 3.1. Í samræmi við 4. gr. SFDR lýsa Fossar því hér með að bankinn tekur að svo stöddu ekki tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana og fjárfestingarráðgjafar á sjálfbærniþætti.
- 3.2. Fossar telja sig ekki geta framkvæmt fullnægjandi greiningu á helstu neikvæðum áhrifum fjárfestinga sinna og ráðgjafar á sjálfbærniþætti á meðan ófjárhagslegar upplýsingar frá félögum eru enn af skornum skammti. Skortur á áreiðanlegum og samanburðarhæfum upplýsingum er því að mati Fossa svo ríkur að bankinn hefur ekki bolmagn til að leggja sjálfstætt mat á neikvæð áhrif fjárfestinga á sjálfbærniþætti með viðhlítandi hætti.



- 3.3. Yfirlýsing þessi og afstaða Fossa verður endurskoðuð reglulega eftir því sem ófjárhagsleg upplýsingagjöf þróast og eykst. Fossar munu taka tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana og -ráðgjafar á sjálfbærniþætti þegar ófjárhagslega upplýsingagjöf er fullnægjandi að mati bankans. Fossar munu endurskoða þessa yfirlýsingu árlega, í fyrsta sinn ári frá samþykkt hennar.
- 3.4. Framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs Fossa ber ábyrgð á yfirlýsingu þessari og endurskoðun hennar.

29. apríl 2024